

**REGLUGERÐ**

5

12. marz

um

**Fiskveiðasjóð Íslands.**

Samkvæmt lögum nr. 46, 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, eru sett eftirfarandi ákvæði um lánveitingar úr sjóðnum og starfrækslu hans.

**1. gr.**

Það er hlutverk Fiskveiðasjóðs Íslands að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lánum.

**2. gr.**

Höfuðstóll sjóðsins er:

- 1) Eignir hins gamla Fiskveiðasjóðs eins og þær voru 1. janúar 1931.
- 2) Tillag úr ríkissjóði, 1 miljón krónur; skal tillag þetta greitt sjóðnum á 10 árum með 100 þúsund krónum á ári, í fyrsta sinn 1. júní 1932 og síðan 1. júní árlega, þannig að síðasta greiðsla fari fram eigi síðar en 1. júní 1941. — Tillag þetta greiðist þó ekki fyr en lokið er lögákveðnu framlagi til Landsbankans og ennfremur getur landsstjórnin ákveðið að fresta greiðslu einstakra árstillaga um tiltekinn tíma, þegar henni þykir henta.
- 3) Hundraðsgjald af útfluttum fiskiafurðum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 47, 19. maí 1930 um Fiskveiðasjóðsgjald.

**3. gr.**

Um handhafavaxtabréf sjóðsins fer samkvæmt lánssamningi sem gerður var milli ríkisstjórnarinnar og Den danske Landmandsbank i Kaupmannahöfn, 27. des. 1930.

**4. gr.**

Fé Fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

1. Skipakaupa, allt að 50 rúmlesta. Þó skal stjórn sjóðsins heimilt að veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.
2. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskúrgangs, ishúsa og kælihúsa.

**5. gr.**

Lán til kaupa á nýjum skipum, má eigi veita til lengri tíma en 12 ára. Lán til kaupa á eldri skipum skal veita til þeim mun skemmri tíma, sem nemur

- 5 fyrningu skips og vélar. Þó skulu engin lán veitt til skemmri tíma en 5 ára.  
 12. marz Lán til skipakaupa má aldrei fara fram úr helmingi kaupverðs.

Við ákvörðun lánsfjárhæðar skal taka tillit til virðingargerðar skips, sbr. 15. gr., og til ábyrgðar og veða, annarra en skips, er lánþegi kann að bjóða fram til tryggingar fyrir láni. Engum einum lánþega má veita hærra lán en 30,000 kr. Samvinnufélögum fiskimanna má þó veita lán til skipakaupa allt að 30,000 kr. á skip.

#### 6. gr.

Lán til iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar má veita til allt að 15 ára og mega þau nema allt að  $\frac{2}{5}$  stofnkostnaðar fyrirtækisins. Þó skal lán til eins lánþega aldrei fara fram úr 35,000 kr. Við ákvörðun lánsfjárhæðar til iðjufyrirtækja skal hafa hliðsjón af virðingargerð á húsum og vélum, sbr. 15. gr., svo og öðrum tryggingum, er lánþegi kann að bjóða fram.

#### 7. gr.

Vextir af lánum samkvæmt 5. og 6. gr. skulu fyrst um sinn vera 6% p.a. og greiðast þeir fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánum Fiskveiðasjóðs.

#### 8. gr.

Af hverju nýju láni, sem veitt er úr Fiskveiðasjóði, skal lántakandi auk vaxta og aukagjalds til veðtryggingarsjóðs greiða 1% af lánsfjárhæðinni, er rennur í varasjóð Fiskveiðasjóðs. Gjald þetta greiðist í eitt skipti fyrir öll um leið og lánið er tekið.

#### 9. gr.

Af lánum Fiskveiðasjóðs, sem tryggð eru með veði í skipum, skal greiða árlegt aukagjald, sem nemi  $\frac{1}{4}$ % af lánsfjárhæðinni eins og hún er á hverjum tíma. Aukagjald þetta greiðist fyrirfram, eins og vextir, í fyrsta sinn þegar lán er tekið, og síðan árlega fyrirfram á hinum almenna gjalddaga.

#### 10. gr.

Aukagjald það, sem um ræðir í 9. gr., skal lagt í sérstakan sjóð, sem ávaxtast eins og varasjóður og nefnist veðtryggingarsjóður. Fé veðtryggingarsjóðs skal varið til að bæta halla þann, er Fiskveiðasjóður kann að biða, vegna sjóveða, er falla kunna á skip þau, er Fiskveiðasjóður hefir veðrétt í, svo sem segir í 11.—13. gr.

#### 11. gr.

Nú leggst sjóveð á skip, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða sjóveðskröfuna af fé sjóðsins, ef hún telur það nauðsynlegt til að koma í veg fyrir það, að skipið verði selt nauðungarsölu til fullnustu sjóveðsins. Nú greiðir stjórn sjóðsins slíka kröfu, og skal hún þá jafnframt láta sjóveðhafann framselja Fiskveiðasjóði sjóveðrétt sinn í skipinu

svo og kröfurétt þann, gegn eiganda skips, útgerðarmanni eða öðrum, er veð-  
réttinum kann að vera samfara.

5  
12. marz

#### 12. gr.

Fé það, sem varið er samkvæmt 11. gr. til greiðslu á sjóveðskröfum, skal endurgreiða Fiskveiðasjóði úr veðtryggingarsjóði eftir því, sem fé er eða verður þar fyrir hendi, enda rennur í veðtryggingarsjóð, það sem greiðast kann upp í kröfuna við sölu veðsins eða frá útgerðarmanni eða eiganda skips eða öðrum.

#### 13. gr.

Nú hefir Fiskveiðasjóður öðlzt sjóveðsrétt í skipi samkvæmt því, sem segir í 11. gr., og skal þá stjórn sjóðsins gæta þess, að gengið sé að veðinu, áður en sjóveðrétturinn glatast, ef brottfall hans hefir í för með sér tjón fyrir sjóðinn. Verði fullnægju, fyrir sjóveðskröfu, er sjóðurinn hefir greitt samkvæmt 11. gr., leitað í öðrum fjármunum en í skipinu, skal stjórn sjóðsins, ef með þarf, leita fullnægju í þeim munum svo fljótt sem kostur er.

#### 14. gr.

Í varasjóð Fiskveiðasjóðs skal leggja:

- 1) Lántökugjald samkvæmt 8. gr. reglugerðar þessarar.
- 2) 50% af árlegum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs, þartil varasjóður nemur 20% af útlánnum sjóðsins. Eftir það skal leggja svo mikið af árlegum tekjuafgangi í varasjóð, sem þarf til að halda því hlutfalli tryggingar.
- 3) Vextir af varasjóði.

Varasjóð skal ávaxta í sparisjóði Útvegsbanka Íslands h/f, og má eigi festa hann í útlánnum.

#### 15. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn, dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi valdsmanni, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa í slíku, virða á kostnað lánþega. Þó getur stjórn Fiskveiðasjóðs, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignunum ítarlega og greinilega lýst.

Sé um jarðeign að ræða, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins sé hún í byggingu til leigu, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemdum af vatnagangi, sjávangangi, skriðum, sandfoki o. fl.

5 Verð húsa á jörðinni skal því aðeins talið með í virðingarverði jarðar-  
12. marz innar, að húsin séu váttryggð í váttryggingarstofnun, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi eru í henni, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, eldstór o. fl., efni það er byggingarnar eru byggðar úr, og, að svo miklu leyti sem unnt er, gæði þess og enn fremur aldur bygginganna og viðhald svo og váttryggingarfjárhæð þeirra og hvar þær séu váttryggðar. Skal og tekið fram í virðingargæði hve stór lóð sú sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé, hvort hún sé eignarlóð og ef svo er eigi, þá sé getið árgjalds og leigutíma. Hafi eignin gengið kaupum og sölum skal kaupverðs hennar getið við síðustu sölu.

Ef um skip er að ræða, skal í virðingargæði tiltaka úr hvaða efni skip er byggt, stærð þess, traustleika og aldur, stærð vélar, tegund, aldur hennar og ásigkomulag, byggingarkostnað skips, síðasta söluverð, hvar váttryggt sé og á hvern hátt, hve há iðgjöld séu, svo og annað, er þurfa þykir til þess að stjórn sjóðsins geti gert sér grein fyrir ástandi skips, þá er lán er veitt.

Sé um iðjufyrirtæki að ræða, skal lýsa húseignum, mannvirkjum og lóð eins og fyrr segir; auk þess skal vélum lýst nákvæmlega, stærð þeirra og daglegu afkasti, ef unnt er, aldri þeirra, tegund, hvað þær kosti nýjar, hver sé stofnkostnaður fyrirtækisins og ásigkomulag húsa og véla, þegar virðing fer fram.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel haldið við og að veðið hafi ekki rýrnað. Ef sérstök ástæða þykir til getur stjórn sjóðsins látið skoðunargerð fram fara á kostnað lánþega.

#### 16. gr.

Beiðni um lán úr Fiskveiðasjóði skal jafnan vera skrifleg.

Til þess að menn geti fengið lán úr Fiskveiðasjóði verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

- a. Útvega virðingargæði samkvæmt því, sem segir í 15. gr.
- b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókunum, um hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíli á eigninni og hver þau séu.
- c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um að eignin sé vitanlega eign þess, er ætlar að veðsetja hana.
- d. Útvega samning um lóðarréttindi eða staðfest eftirrit af slíkum samningi, sé um leigulóð að ræða.
- e. Útvega váttryggingarskirteini og kvittun fyrir síðasta iðgjaldi.
- f. Sé að ræða um lán eða ábyrgð hrepps-, sýslu- eða bæjarfélaga, skal leggja

fram samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda til lántökunnar eða ábyrgðarinnar, og skýrslu um efnahag þeirra (fjárhagsreikning).

5  
12. marz

- g. Útskrift úr fundarbók hrepps-, sýslu- eða bæjarfélags, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lán eða láta í té ábyrgð, og sé útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
- h. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalds um hverjir séu í sveitarstjórn, sýslunefnd eða bæjarstjórn þeirri, er leitar láns eða tekur á sig ábyrgð.
- i. Sé um félag að ræða, skal leggja fram lög og samþykktir þess, vottorð hlutaðeigandi yfirvalds, er sýni að félagið sé löglega skrásett, sé um hlutafélag eða samvinnufélag að ræða, staðfesta útskrift úr fundarbók félagsins um það, hverjir séu í stjórn þess og geti skuldbundið það, efnahagsreikning síðasta árs, ef til er, og skrá yfir meðlimi félagsins, ef þess er óskað.
- j. Sé um lán til stofnsetningar iðjufyrirtækis að ræða, skal lánbeiðandi leggja fram nákvæma áætlun um stofnkostnað, svo og um rekstur fyrirtækisins.

#### 17. gr.

Að fengnum gögnum þeim, sem um ræðir í 16. gr., úrskurðar stjórn sjóðsins, innan hæfilegs tíma, hvort lán skuli veitt eða eigi, hve hátt það skuli vera og til hve langs tíma.

#### 18. gr.

Þá er undirrituð hafa verið öll nauðsynleg veðskjöl og skuldbindingar viðvikjandi láni, greiðir Fiskveiðasjóður lánþega lánsfjárhæðina í peningum, að frádregnum vöxtum, aukagjaldi til veðtryggingarsjóðs, varasjóðsgjaldi, vátryggingariðgjaldi (sbr. 23. gr.) og kostnaði við lántökuna, þar með talið þinglestrargjald og stimpilgjald.

Allan þinglýsingarkostnað í sambandi við lán út Fiskveiðasjóði, greiðir lánþegi svo og stimpilgjöld af lánskjöllum eða veðbréfum. Stjórn sjóðsins getur sett það skilyrði fyrir lánveitingu, að veðsettar eignir séu vátryggðar í vátryggingarstofnunum, er hún tekur gildar, á kostnað lánþega.

Afhenda skal lánþega samrit af aðallánskjali, eitt eintak af reglugerð þessari og lögum Fiskveiðasjóðs.

#### 19. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður, í samráði við atvinnumálaráðherra, hve miklu skuli fyrst um sinn varið árlega til útlána af fé sjóðsins.

#### 20. gr.

Lán úr Fiskveiðasjóði skal jafnan veita til ákveðins árfjöldda. Skulu þau endurgreiðast með jöfnum árlegum afborgunum. Afborganir greiðast á hinum almenna gjalddaga, á lánum Fiskveiðasjóðs, er skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Við eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, er stjórn sjóðs-

- 5 ins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða að nokkru leyti, ef henni  
12. marz þykir ástæða til. Skytt skal bæði seljanda og kaupanda að tilkynna sjóðsstjórn-  
inni eigendaskiptin þegar í stað.

#### 21. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal heimilt að telja lán eða eftirstöðvar láns  
komnar í gjalddaga, án uppsagnar, og ganga að veðum til lúkningar skuldum:

- a. Þegar afborgun af láni, vextir og aukagjald er eigi greitt á réttum gjalddaga.
- b. Þá er veð gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo tryggt, sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lán að sér.
- c. Þá er lánþegi vanrækir að greiða vátryggingariðgjald af eignum veðsettum sjóðnum.
- d. Þá er sjóveð leggst á skip, sem veðsett er sjóðnum, og lánþegi eða útgerðarmaður leysa eigi sjóveðið af skipinu innan þess frests, sem stjórn sjóðsins setur þeim.
- e. Þá er bú lánþega er tekið til skiptameðferðar sem þrotabú.

#### 22. gr.

Nú er afborgun, vextir og aukagjald eigi greitt fyrir 15. nóvember, og falla þá á fjárhæð þessa  $\frac{1}{2}\%$  dráttarvextir á hverjum hálfum mánuði, sem greiðsla dregst. Dráttarvextir renna í Fiskveiðasjóð.

#### 23. gr.

Heimilt skal stjórn Fiskveiðasjóðs að annast fyrir lánþega hönd vátryggingu einstakra eigna eða allra eigna, sem veðsettar eru fyrir láni úr sjóðnum. Verði svo ákveðið, skal innheimta iðgjöld á gjalddaga láns. Nú er veðsett eign vátryggð og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins, og skal það tekið fram í veðskuldabréfinu.

#### 24. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847 10. gr., eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

5  
12. marz

#### 25. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

#### 26. gr.

Bankastjórar Útvegsbanka Íslands h/f hafa á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs eftir þar um gerðum samningi við atvinnumálaráðherra. Annast Útvegsbankinn bókhald og alla starfrækslu sjóðsins.

#### 27. gr.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal ávaxta í sparisjóði Útvegsbanka Íslands h/f í Reykjavík.

#### 28. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 2 bókhaldsfróða menn til 5 ára í senn til að endurskoða reikninga Fiskveiðasjóðs. Hvorum þeirra skal greiða úr Fiskveiðasjóði 600 kr. á ári fyrir starfið.

Endurskoðendur skulu hafa eftirlit með rekstri Fiskveiðasjóðs, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur sjóðsins, verðbréfaeign og sjóðfé. Þeir skulu að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort eignir Fiskveiðasjóðs eru fyrir hendi svo og sjóðfé hans og hvernig það er ávaxtað.

#### 29. gr.

Eftir hver áramót, eigi síðar en 15. marz, skal stjórn Fiskveiðasjóðs senda atvinnumálaráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning sjóðsins, ásamt skýrslu um hag og starsemi hans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess skal stjórn sjóðsins á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er einnig skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Reikningsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

#### 30. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vígfús Einarsson.*